

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 3. gr. laga nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur skv. 6. gr. laga nr. 54/2024. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--------------------------|------------|
| a. Fyrir sérfræðinga I | kr. 21.700 |
| b. Fyrir sérfræðinga II | kr. 19.400 |
| c. Fyrir sérfræðinga III | kr. 17.100 |

2. gr.

Skordýra- og sveppagreiningar.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum og myglusveppum skv. 6. gr. laga nr. 54/2024.

Gjaldið skal vera kr. 4.300 fyrir skordýragreiningu til almennings.

Fyrir greiningu á myglusveppum í mannvirkjum skal innheimta tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar.

3. gr.

Útgáfa rita.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita skv. 6. gr. laga nr. 54/2024. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--|-----------|
| a. Fyrir fjölrít Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b. Fyrir Blika | kr. 2.000 |

4. gr.

Útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni skv. 6. gr. laga nr. 54/2024.

Gjaldið skal vera kr. 61.000.

5. gr.

Útflutningsleyfi fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi til almennings fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr skv. 6. gr. laga nr. 54/2024.

Gjaldið skal vera kr. 8.900.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 54/2024 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 314/2024 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 17. mars 2025.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Björn Helgi Barkarson.